

Föstudaginn 19. mars 1993.

Nr. 123/1991. **Böðvar Valgeirsson persónulega og f.h. Atlantik, ferðaskrifstofu**  
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.),  
gegn  
**Jósteini Kristjánssyni**  
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Riftun. Endurgreiðsla.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af vitnamáli áfrýjanda gegn Guðmundi Þórðarsyni, sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 23. apríl 1991.

Fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni um skuldajöfnuð, sem höfð var uppi í héraði. Að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Böðvar Valgeirsson persónulega og f.h. Atlantik, ferðaskrifstofu, greiði stefnda, Jósteini Kristjánssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 26. janúar 1989, af Jósteini Kristjánssyni, kt. 210350-2259, Ystaseli 28, Reykjavík, gegn Böðvari Valgeirssyni, kt. 060242-4969,

Grundarlandi 13, Reykjavík, persónulega og f. h. einkafirma hans, Atlantik, ferðaskrifstofu, kt. 430778-0139.

#### *Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 270.334 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 254.230 kr. frá 26. október 1987 til 1. mars 1988, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef til áfellisdoms komi, þá verði stefnda heimilað með dómi að skuldajafna fjárkröfu sinni á hendur stefnanda um auglýsingar á 50 myndbandatitlum frá fyrirtæki stefnanda, JB-myndböndum hf., að verðmæti 400.000 kr., að því marki, sem krafa stefnanda verður tekin til greina. Er í þessum kröfufilið stefnda gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. október 1987 til greiðsludags. Til þrautavara gerir stefndi þá kröfu, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti, sem beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

#### *Málavextir og málsástæður.*

Stefnandi kveður málavexti þá, að 26. október 1987 hafi stefnandi og stefndi gert með sér samkomulag, þar sem stefndi hafi tekið sem greiðslu upp í skuld bifreið af gerðinni M.-Benz 280, SE, árg. 1969, og hafi verðgildi bifreiðarinnar verið metið 250.000 kr., og hafi stefnda strax verið afhent bifreiðin. Samkomulagi þessu hafi síðan verið rift af hálfu stefnda, þar sem stefnanda hafi ekki tekist að afhenda aðra bifreið samkvæmt samkomulaginu á réttum tíma. Stefnandi hafi síðan greitt skuld sína eftir öðrum leiðum. Stefnandi hafi hins vegar ekki afhent stefnanda aftur bifreiðina, sem hann hafði áður fengið afhenta. Hafi stefndi sett bifreiðina í sölu hjá bílasölnunni Bílahöllinni, og þar fyrir utan hafi bifreiðin staðið, þegar bílasalan hætti rekstri. Endirinn hafi síðan orðið, að bifreiðin, sem staðið hafði þar í reiðileysi allnokkurn tíma, var fjarlægð þaðan og flutt upp í Vöku, þar sem hún hafi staðið, en að lokum verið seld á nauðungaruppboði 27. október 1988 vegna ógreidds geymslukostnaðar.

Stefnda hafi allan tímann verið kunnugt um gang mála, þar sem bæði hafi verið haft samband við hann símleiðis og með skeyti. Skráður eigandi

bifreiðarinnar hafi orðið að greiða tryggingar vegna bifreiðarinnar þennan tíma. Hann hafi látið kanna, hvort lykklar fyndust að bifreiðinni, en svo hafi ekki verið. Bifreiðin hafi verið óökuhæf, þar sem stefndi eða bílasalinn höfðu glatað lyklastetti bifreiðarinnar.

Ljóst sé, að stefnda hafi borið að skila bifreiðinni til baka ásamt lykklum á formlegan hátt. Stefndi hafi farið með bifreiðina á bílasölu og skilið hana þar eftir. Hann hafi verið margbeðinn að skila bifreiðinni, en án árangurs. Stefnandi gerir því þá kröfu, að sér verði endurgreitt andvirði bifreiðarinnar ásamt vöxtum og kostnaði auk bifreiðatryggingar, sem stefnandi hafi orðið að greiða á umræddu tímabili. Krafa stefnanda sundurliðist sem hér segi:

1. Andvirði bifreiðarinnar 250.000 kr. 26. október 1987.
2. Bifreiðatryggingar frá 26. október 1987 til 1. mars 1988, 4.230 kr.
3. Bifreiðatryggingar frá 1. mars 1988 til 27. október 1988, 16.104 kr.

Stefndi kveður málavexti þá, að í janúar 1986 hafi hann falið lögmanni sínum að innheimta vanskil stefnanda við stefnda, m. a. vegna eldri skulda, sem færðar hafi verið á skuldabréf. Hafi skuldir þessar ýmist stafað frá stefnanda persónulega eða fyrirtæki hans, Myndbandaleigu J.B. hf. Er innheimta þessi hafi verið komin á uppboðsstig, hafi stefnandi náð samningum við stefnda. Við þetta samkomulag hafi stefnandi ekki staðið, og hafi samkomulaginu verið rift. Jafnframt hafi stefnanda verið tilkynnt, hvar bifreið þá, sem hann hafði þegar afhent, væri að finna. Hinn 11. febrúar 1988 hafi nýtt samkomulag náðst milli aðila um frágang skulda stefnanda, sem stefnandi hafi að mestu leyti staðið við. Í samkomulagi þessu hafi m. a. falist, að stefnandi greiddi innan þriggja mánaða 450.000 kr. með birtingu auglýsinga á myndbandatitlum, sem JB-myndbönd hf. gæfi út. Jafnframt tæki stefnandi bifreið samkvæmt fyrra samkomulagi til baka. Þá sem fyrr hafi stefnanda verið kunnugt um, hvar bifreiðin var. Á tímabilinu 5. nóvember 1987 til 11. febrúar 1988 hafi stefnandi og skráður eigandi bifreiðarinnar margsinnis verið hvattir til að taka bifreiðina úr vörslum Bílahallarinnar. Því hafi ekki verið sinnt, og hafi bifreiðin verið fjarlægð, þar sem hún stóð á athafnasvæði Bílahallarinnar, 16. maí 1988 af starfsmanni Vöku hf.

Í greinargerð sinni reisti stefnandi sýknukröfu sína m. a. á aðildarskorti, en í þinghaldi 7. mars 1990 lýstu lögmennt aðila yfir því, að ekki væri ágreiningur um aðild að málinu.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi hafi með tómlæti sínu í heilt ár bakað sér meint tjón sjálfur með því að aðhafast ekkert, sem forðað gat umræddri bifreið frá nauðungarsölu. Það sé ekki fyrr en einu ári eftir gerð samkomulags aðila frá 26. október 1987, sem stefnandi beini bótakröfu til stefnda. Þegar í upphafi hafi orðið ljóst, að stefnandi myndi

ekki standa við samkomulagið frá 1987. Stefndi hafi því rift samkomulaginu með símskeyti 5. nóvember 1987 og haft í huga 1. mgr. 21. gr. laga nr. 39/1922 sem og með gagnályktun frá 32. gr. s. 1. Þegar virt séu ákvæði 54. gr. s. 1., þar sem tímamark sé sett eitt ár, um mótbárur, telji stefndi, að gagnálykta megi um tímamörk bótakröfu, enda þótt í lögnum sé talað um rétt kaupanda til bóta úr hendi seljanda.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda, gerir stefndi þá varakröfu, að heimiluð verði skuldajöfnun á kröfu stefnanda og kröfu stefnda samkvæmt 3. tl. samkomulags frá 26. október 1987, sem ítrekað hafi verið í munnlegu samkomulagi 11. febrúar 1988, krafa metin að fjárhæð 400.000 kr., að svo miklu marki sem krafa stefnanda á hendur stefnda verði tekin til greina. Þessa kröfu sína reisir stefndi á 49. gr. laga nr. 85/1936.

Þrautavarakröfu sína styður stefndi sömu rökum og aðalkröfu og bendir á, að umrædd bifreið sé í umræddum samningi metin hærra en efni stóðu til, og hafi það verið gert stefnanda til hagsbóta, en umrædd bifreið hafi verið 18 ára gömul við undirritun samkomulagsins.

#### *Niðurstaða.*

Óumdeilt er, að 26. október 1987 gerðu stefnandi og JB-myndbönd hf. annars vegar og Atlantik, ferðaskrifstofa, hins vegar með sér samkomulag, sem rift var skömmu síðar. Hefur stefnandi nú höfðað mál til heimtu skaðabóta vegna umræddrar riftunar. Eins og áður greinir, er ekki ágreiningur um aðild að málinu.

Óumdeilt er, að þegar samkomulagi þessu var rift, hafði stefnandi þegar afhent aðra bifreiðina, sem honum bar að afhenda samkvæmt nefndu samkomulagi. Stefndi bar fyrir dómi, að hann hefði sótt bifreiðina til Guðmundar Þórðarsonar, lögmanns stefnanda, og síðan í framhaldi af því komið bifreiðinni í sölu á bílasölu og skilið lykla hennar eftir hjá bíla-salanum.

Samkvæmt meginreglum um riftun falla greiðslur samkvæmt samningi niður, þegar samningi er rift, og ef greiðslur hafa farið fram, ber að skila þeim aftur. Stefnda bar því, þegar samningi var rift, að taka bifreiðina úr söluméðferð og afhenda stefnanda hana. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi alltaf vitað, hvar bifreiðina var að finna, og hann hefði getað tekið hana, hvenær sem var, en gegn andmælum stefnanda verður að telja þessa fullyrðingu stefnda ósannaða. Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi gert nokkra tilraun til að afhenda stefnanda bifreiðina aftur, og er ekki fallist á, að um tómlæti hafi verið að ræða af hálfu stefnanda. Ber stefnda því að greiða stefnanda það tjón, er hann varð fyrir vegna þessarar vanrækslu stefnda við að skila bifreiðinni.

Samkvæmt umræddu samkomulagi aðila var bifreið sú, sem stefnandi afhenti stefnda, metin á 250.000 kr. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin hafi verið seld á nauðungaruppboði 27. október 1988 fyrir áföllnum geymslukostnaði, og er því ekki mótmælt af hálfu stefnda. Með hliðsjón af framansögðu svo og með hliðsjón af nefndu samkomulagi aðila ber því að fallast á, að tjón stefnanda vegna þessa hafi numið andvirði bifreiðarinnar samkvæmt samkomulaginu, 250.000 kr., en krafa hans um greiðslu kostnaðar vegna bifreiðatrygginga er ekki tekin til greina, enda ekki sýnt fram á, að greiðsla þess kostnaðar sé hluti af tjóni stefnanda.

Varakröfu sína um sýknu reisir stefndi á kröfu sinni um, að heimilaður verði skuldajöfnuður á kröfu hans varðandi auglýsingar á 50 myndbandatitlum frá JB-myndböndum hf., að verðmæti 400.000 kr. Krafa þessi er ekki samkynja stefnukröfu málsins. Skilyrðum skuldajafnaðar er því ekki til að dreifa, og ber því þegar af þeim sökum að hafna þessari kröfu stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda því að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 250.000 kr., en miða ber upphaf dráttarvaxta af þeirri fjárhæð við 5. janúar 1989. Í samræmi við 15. gr. laga nr. 25/1987 er ekki fallist á kröfu stefnanda um vaxtaútreikning í samræmi við 12. gr. s. 1.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 90.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóminn. Uppkvaðning hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Böðvar Valgeirsson persónulega og vegna Atlantik, ferðaskrifstofu, greiði stefnanda, Jósteini Kristjánssyni, 250.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1989 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.